

➤➤ **Það líður öllum svo vel í kringum svno, það er frábær andi í Reyningum hann ... 28**

# Ólöglegur Dan Brown

## The Lost Symbol á sjóræningjasíðum



Dan Brown

ADEINS degi eftir að nýjasta spennusaga Dans Browns, *The Lost Symbol*, kom út er hægt að nálgast sjóræningjaútgáfu af henni á netinu. Transworld-bókauitgáfan hefur vitneskju um hina ólöglegu útgáfu og er að vinna í því að fá hana fjarlægða. „Bókin er fánægleg á nokkrum sjóræningjasíðum. Við erum ekki ánægð með það en enn sem komið er er þetta aðeins bandaríska útgáfan,“ sagði Alison Barrow, útgáfustjóri hjá Transworld, og bætti við að útgáfan væri að vinna í því að biðja síðurnar um að taka út hina ólöglegu útgáfu.

*The Lost Symbol* kom út á þriðjudaginn og strax í gærmorgun var hægt að fá hana halada niður í gegnum netið við mikla ánægju bókaorms sem þökkuðu vel fyrir sig í at-hugasemdakerfunum á síðunum.

Annars virðist þetta hafa lífl áhrif á sölu bókarinnar sem rýkur úr búðarhillum í orðsins fyllstu merkingu.

# Mussolini á móti mynd

ALESSANDRA Mussolini, barnabarn ítalska einræðisherrans Benitos Mussolinis, hefur hótad lögsókn verði kvikmyndin *Francesca* sýnd um alla Ítalíu í næsta mánuði. Myndin hlaut mikið lof gagnrýnenda á kvikmyndahátíðinni í Feneyjum og verður sýnd á Alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Reykjavík sem hefst í dag.


Ein persóna kvikmyndarinnar, aldráður Rúmeni, nefnir Alessöndru á nafn í myndinni og kallar hana „Mussolini-hóru“ sem vilji láta drepa alla Rúmena. Alessandra sagði árið 2007 að allir Rúmenar sem byggju á Ítalíu væru glepamenn og vakti mikla hneykslan fyrir. Hún er ítalskur stjórnmálaáhrif og á hegringvængnum og fyrirverandi leikkona. Hún vill að samtalið, þar sem hún er kölluð hóru, verði klippt úr myndinni.

Frumsýna á myndina í október á Ítalíu en hætt var við tvær sýningar á henni í Feneyjum.

Hugvísindi

# Leyndardómarnir afhjúpaðir í kvöld

UM þessar mundir stendur yfir fjögurra kvöldna námskeið í Hafnarfjarðarkirkju sem ber heitið „Leyndardómar fornaldarinnar afhjúpaðir“. Fyrsta kvöldið er hlið en næstu þrjú fimmtudagskvöld kl. 20 verður sérstaklega fjallað um táknmal og talnaspeki, bæði kristna og tákn sem afleidd eru af kristnum táknnum og tölum. Námskeiðið er opið öllum og hentar sérstaklega vel þeim sem setla að sökkva sér niður í nýttkomna bók Dans Browns, *Týnda tákníð*. Í kvöld verður fjallað um talnaspeki. Kennslubók námskeiðsins er *Orðabók leyndardómanna* eftir sr. Þórhall Heimisson.



Týnda tákníð

Tónlist

# JP3 á Tónum við hafið í Þorlákshöfn

Í KVÖLD verða fyrstu tónleikar vetrarins í tónleikaröðinni Tónar við hafið haldnir í Þorlákshöfn. Hefð er fyrir því að djasstónlistarmenn hefji leik að hausti og í kvöld er það gítartríó JP3 sem leikur. Tríóið skipa þeir Jón Páll Bjarnason, Eðvarð Lárússon og Ásgeir Ásgeirsson. Á tónleikunum í Þorlákshöfn flytja þremmingarnir með þeim Erik og Þorgrími mikið af þeim lögum sem finna má á plötu þeirra JP3, sem kom út í fyrra, mest framsamin lög eftir þá Jón, Eðvarð og Ásgeir, en platan fékk mikið lof gagnrýnenda. Tónleikarnir verða í Ráðhúsi Ólufuss og hefjast klukkan 20.



Jón Páll Bjarnason

Tónlist

# Jón Svavar syngur íslenskt í dag

JÓN Svavar Jósefsson verður gestur Jónasar Ingimundarsonar á tónleikum í Salnum kl. 17.30 í dag, í tónleikaröðinni Íslenskt, já takk! Tónleikaröðin er liður í tíu ára afmælishátíð Salarins og á hverjum fimmtudegi fram í október fær Jónas til sín sýngvara í fremstu röð og kynnir íslenskar einsöngsperlur. Þjárfari Sveinbjörnsson, forstöðumaður Tónlistarsafns Íslands, flytur stuttan pistil um tilurð laganna og sýndar verða ljósmyndir af íslenskum listaverkum úr einkasafni Þorvaldar Guðmundssonar. Dagsskráin stendur yfir í tæpan klukkutíma og er opin öllum meðan húsrúm leyfir. Aðgangur ókeypis.



Jón Svavar Jósefsson

# Efnið og aðferðin í forgrunni

● Myndlistaskólinn í Reykjavík þróar nýjar námsbrautir í teikningu og textíl í samvinnu við fyrirtæki ● Nýr valkostur í listnámi á Íslandi, segir skólustjórinn

Eftir Bergþóru Jónsdóttur begga@mbl.is

MYNDLISTASKÓLINN í Reykjavík hefur fengið um 50 milljón króna styrk frá Leonardo-áætlun Evrópusambandsins til þess að þróa og undirbúa tveggja ára námsbrautir í teikningu og textíl í samstarfi við Tækniskólann, fjóra erlenda háskóla og tvö innlend fyrirtæki. Ingibjörg Jónsdóttir skólustjóri kveðst nú biðja leyfis menntamálaráðuneytisins svo námið geti hafist haustið 2010.

„Aðdragandinn er orðinn langur. Stjórn Myndlistaskólans hefur rætt það lengi, að það þurfi að huga að námi, þar sem aðferðum og tækni í vinnubrögðum er gefinn meiri gamur en í listnámi, eins og það hefur verið að þróast. Við teljum þetta því áhugaverða viðbót við almennt námsframboð. Í þessu námi verður efnið og aðferðirnar ákveðin kjarni, ásamt kraftmikilli og öflugri hugmyndavinnu.“

### Stærk tengsl við atvinnulífið

Þrjú námsbrautanna verður nátegend samstarfsaðilum í atvinnulífinu, m.a. fatahönnunarfyrirtækinu Steinunni á textílbraut og tölvuleikjaframleiðandanum CCP á teiknibraut. „Með þessu viljum við búa til nám sem hefur mjög skýra tengingu í atvinnuvegina og skoða hvað sé mikilvægt fyrir fyrirtækin, en reyna líka að halda því nógu opnu til að það gagnist þeim sem vilja nýta sér það í persónulega list-sköpun. Reynsla grannþjóðanna sýnir að menntun af þessu tagi leiðir til þess að litlum og meðalstórum fyrirtækjum fjölga, fyrirtækjum sem eru með 5-15 starfsmenn og greiða góð laun.“

Að sögn Ingibjargar er mikilvægt að námsbrautirnar verða skilgreindar á fjórða þrepi íslensks gæðastaðals námsbrauta, og skapa því brú sem ekki hefur verið til staðar áður, úr listnámsbrautum framhaldsskólanna yfir í háskólanám. Nemendur ljúka því diplöma prófi af brautunum og geta bætt við sig námi við samstarfsskóla Myndlistaskólans á háskólastigi til að ljúka BA-prófi ef þeir kjósa, en BA-námið er á fimmta þrepi. „Það hefur sýnt sig við námsbraut okkar Móturn – leir og tengd efni, sem líka er á fjórða þrepi, að við höfum getað búið til það gott nám að háskólarinnar sem við störfum með, hafa metið það sem igldi fyrstu tveggja ára sinna til BA-prófs. Það er alveg nýtt hér á Íslandi að þessi brú úr starfsetgnda náminu inn í háskólana sé til.“



Teikning Nemendur undirbúningsdeildar Myndlistaskólans í módelteikningu. Ingibjörg Jónsdóttir skólustjóri vonar að nýju námsbrautirnar í skólunum geti hafist næsta haust.

# Fyrirtækin kalla á þekkinguna

Samstarfsfyrirtæki Myndlistaskólans í Reykjavík að nýju námsbrautunum, Steinum og CCP, leggja mikið af mörkum til samstarfsins, og segir Ingibjörg skólustjóri að mjög hvetjandi að heyrna að atvinnulífið kalli á fleira fólk með þessa menntun. „Steinum Sigurðardóttir hefur sagt að hún sjái mikla möguleika fyrir sig og sitt fyrirtæki í náminu sem boðið verður upp á, en líka fyrir

textílheiminn almennt, og að það séu mörg svið þar sem við gætum haft eitthvað að segja. Hilmar Veigar Pétursson í CCP hefur líka sagt um tölvuleikjateikningu, að það sé minna mál að kenna fólk á forritin en hann geti ekki kennt fólk að teikna og þróa þann myndheim sem hans framleiðsla byggist á. Líka þekkingu þurfi fólk að hafa til að vinna þá vinnu. Þar kemur að okkur að bjóða upp á námið sem til þarf.“

# Kórarnir bera starfið uppi

Tónlistarveturinn í Langholtskirkju hefst á sunnudag þegar Björn Steinar Sólbergsson leikur verk eftir Mendelssohn og Bach

Eftir Bergþóru Jónsdóttur begga@mbl.is

Í SUMAR tóku tveir af sex kórum Langholtskirkju, Gradualekór Langholtskirkju og Graduale nobili, þátt í kóraköppnum erlendis og unnu ýmist til gull-, silfur- eða bronsvörðlana í öllum flokkum sem þeir kepptu í. Kórarnir eru burðarvirkið í listalífi Langholtskirkju að sögn Jóns Stefánssonar kantors.

„Kór Langholtskirkju verður með tónleika í nóvember þar sem við flytjum íslensk og norræn verk sem hafa verið samín fyrir kórinn eða vegna hans,“ segir Jón. Kórinn var í samstarfi við John Hoybye, tónskáld og stjórnanda Tritonus-kórsins í Danmörku, og Kára Bæk, sem stjórnar kammerkórnum Skýrák í Færeyjum, og á þremur árum hitt-

ust kórarnir þrisvar í löndunum þremur og með ný verk sem samín voru hverjum sinni, sérstaklega fyrir samstarfið. „Við syngjum þau bestu á tónleikum og fleira.“

### Jóhannes í tvöföldum kvartett

Jón segir erfitt að halda fólk í bænum yfir páska þegar hefið er fyrir stærstu tónleikum kirkjunnar. „Ég fékk kíkkaða hugmynd, því ég setti mig ekki við það að kirkjukór geti ekki verið með tónleika á föstudaginn langa. Ég setla því að gefa kórflögum tækifæri til að spreyta sig á því að komast í tvöfaldan kvartett, sem á að flytja Jóhannespassíuna eftir Bach með litlilli kammerorveit. Ég er líka bjartsýnn á að kórflögarnir verði líka einsöngvarar, fyrir utan guðspjallamanninn sem Þorbjörn Rúnarsson syngur.

Það er mikill spennungr fyrir þessu í kórnum.“

Í maí verður Berlínarmessan eftir Arvo Pärt þungamiðja vortónleika kórsins en Pärt er í hópi virtustu tónskálda samtímans.

Á sunnudagskvöldið verður tíu ára afmæli Noack-orgelsins í Langholtskirkju fagnað með tónleikum Björns Steinars Sólbergssonar, þar sem hann leikur verk eftir Mendelssohn og Bach, og í kjölfarið, kl. 12.15 á hádegi alla næstu viku, verða orgeltónleikar í kirkjunni, þar sem orgelnemar leika, og er aðgangur ókeypis á hádegistónleikana. „Tónleikarnir eru opinir öllum, en við höfum boðið skólana í kring sérstaklega velkoma.“

Söngtónleikar verða í kirkjunni 8. nóvember. „Þá syngja Disella Lárúsdóttir og Garðar Þór Cortes



Morgunblaðið/Árni Sæberg

**Jón Stefánsson í Langholtskirkju starfa sex kórar: Krúttakórinn, Kórskólinn, Graduale futuri, Gradualekórinn, Graduale nobili og Kór Langholtskirkju. Eldri kórarnir hafa allir unnið til verðlana í keppnum bestu kóra.**

saman. Eivör Pálsdóttir verður með tónleika í janúar, – bara ein með gítarinn sinn og í febrúar leikur Lára Bryndis Eggertsdóttir *Pétur og úlfinn* í orgelúsetningu Matthíasar Wegers. Kammerkór Norðurlands verður líka með tónleika í febrúar. Jón segir tónleika í mars, þar sem

ungi baritónsöngvarinn Andri Björn Róbertsson syngur, verða mjög spennandi. „Kiri te Kanawa tekur hann með sér út um allt, og hefur boðið honum að syngja með sér á tónleikum í Japan í vetur.“ Þess ber að geta að Andri Björn er alinn upp í kórstarfi Langholtskirkju.